



RHÍ Fréttir

Fréttabréf Reiknistofnunar Háskóla Íslands

Númer 38 febrúar 2003

FYRSTI ÍSLENSKI VEFURINN

Í nóvember 2002 minntust starfsmenn Reiknistofnunar þess að áratugur var liðinn frá því að fyrsti vefþjónn Háskólans var settur upp. Var þar um tilraun að ræða enda Veraldarvefurinn svo gott sem eingöngu á tilraunastigi á þeim tíma.

Eftir því sem best er vitað var þetta einnig fyrsti vefþjónninn sem settur var upp á Íslandi. Þá voru rúm þrjú ár liðin frá því að Englendingurinn Tim Berners-Lee, sem þá starfaði hjá CERN í Sviss setti fram hugmyndir um það að gera upplýsingar aðgengilegar á Netinu með því

að nota "Hypertext" (HTML) skjöl.

Í kjölfarið á því fór hann að skrifa forrit til að útfæra hugmyndir sínar og í ágúst 1991 voru þessi forrit gerð aðgengileg á Netinu. Starfsmenn RHÍ sóttu þegar hugbúnaðinn á netið og skemmtu sér við að skoða frumstæða vefsíðu CERN.

Uppfærslur á hugbúnaðinum komu svo með óreglulegu millibili næsta árið og það var svo í nóvember 1992 sem fyrsti þjónninn var settur upp hjá RHÍ.

Framhald á bls 3



Í fyrstu röð einfaldleikinn ferðinni á íslenskum vefsíðum!

NÝJAR REGLUR SETTAR UM NETNOTKUN

Netið er ekki ótakmörkuð auðlind. Notkun þess er háð netreglum Háskólanetsins á hverjum tíma. Nýlega voru þessar reglur endurskoðaðar með hliðsjón af reynslu síðustu ára.

Í nýju reglunum er meðal annars litið til aukinnar notkunar netsins og áréttað að sú notkun sé innan eðlilegra marka hjá hverjum og einum notanda. Þessi mörk eru síðan skilgreind nánar í reglunum.

Aukin áhersla er nú lögð á öryggismál og sú skilda notenda áréttuð að þeir noti tenginguna ekki til árása af nokkru tagi né heldur til þess að sækja eða dreifa ólöglegu efni.

Með því að sækja um aðgang að neti Háskóla Íslands samþykkir notandinn að fara eftir netreglum þeim er gilda á hverjum tíma. Nýju reglurnar má finna undir slóðinni:

www.rhi.hi.is/thjonusta/almennt/netreglur.html

Notendur Háskólanetsins eru kvattir til þess að kynna sér reglurnar.

Meðal efnis í blaðinu.....

Endurnýjun póstkerfisins
Kennitölur úr rekstri
Þjónustusíður
Póstflokkun og fleira

MILLJÓNASTA INNSKRÁNINGIN

Þau ánægjulegu tíðindi urðu þann 2. febrúar klukkan 14:25 að milljónasta innskráningin átti sér stað inn í Vefkerfi Háskólans.

Vefkerfið sem einungis er rúmlega árs gamalt hefur greinilega náð að festa sig í sessi meðal nemenda og starfsmanna Háskólans. Kerfið hefur verið í stanslausri þróun þennan tíma þar sem sífellt hefur verið bætt nýjum möguleikum við kerfið jafnframt því sem annmarkar hafa verið sniðnir af þeim þáttum sem fyrir voru.

Þessa dagana er verið að taka í notkun sérstakar þjónustusíður Reiknistofnunar innan vefkerfisins þar sem notendum er auðveldaður verulega aðgangur að flestum þjónustuþáttum stofnunarinnar. Á næstunni mun síðan verða efnt til almennrar samkeppni meðal notenda kerfisins um nafn á vefkerfið.

KENNITÖLUR ÚR REKSTRI

Sæþór L. Jónsson (slj@hi.is)


	nóv.'96	nóv.'97	nóv.'98	nóv.'99	nóv.'00	nóv.'01	nóv.'02	Breyting 01>02
Notendur								
Skráðir notendur	6.437	6.353	7.438	8.228	9.450	9.671	11.128	15%
þar af nemendur	5.265	5.110	5.879	6.721	7.499	7.776	9.114	17%
Notendur Unix véla	3.354	3.075	2.634	1.813	1.117	1.272	1.189	-7%
Tengingar Windows notenda við Unix	0	2.286	3.152	3.664	3.379	4.192	5.635	34%
HI-net								
Skilgreind tæki	1.403	1.724	2.421	2.846	3.958	4.268	4.964	16%
Undir beinni stjórn RHÍ	699	949	1.556	1.944	2.336	2.556	3.160	24%
Tölvupóstur								
Virkir notendur	5.073	5.363	6.483	7.026	7.538	8.224	9.920	21%
Móttekin skeyti	142.000	252.000	368.000	300.000	450.000	700.306	820.000	17%
Samanlögð stærð kerfispósthólfra (GB)						25	45	80%
Fjöldi IMAP-tenginga (þús.)						815	1.750	115%
Fjöldi POP-tenginga (þús.)						1.221	1.363	12%
WWW								
Fjöldi tenginga við RHÍ þjón (þús.)	1.384	3.016	3.894	4.973	9.214	11.394	15.849	39%
Gagnamagn sótt af RHÍ þjóni (MB)	8.700	23.716	20.200	32.721	73.608	92.439	181.000	96%
Gagnamagn sótt af „proxy“ þjóni (GB)	19	31	46	77	230	280	670	139%
Diskarými								
Á netþjónum (GB)		119	180	194	351	437	1.668	282%
Tölvuver								
Fjöldi tölvuvera RHÍ	8	9	9	13	13	13	13	0%
Fjöldi einmenningstölva í tölvuverum RHÍ	116	116	151	207	208	209	209	0%
Fjöldi einmenningstölva í þjónustu RHÍ						292	328	12%
Innhringiaðgangur starfsmanna								
Innhringinotendur			138	752	880	850	630	-26%
ADSL notendur						74	180	143%
Flakkarar						168	257	53%
Þráðlaus netkort						277	1.293	367%
Notendur á stúdentagörðum						314	435	39%
Vefkerfið								
Innskráningar						13.896	105.965	663%
Síðuuppflettingar						15.000	50.000	233%
Fjöldi notenda						3.909	7.232	85%
Meðalfjöldi innskráninga						3,55	14,65	313%
Póstlistar								
Fjöldi póstlista						163	183	12%

Framhald af forsíðu.

Ekki er fyrsta síðan lengur til en elsta síða Háskólans sem varðveist hefur og er á meðfylgjandi mynd frá 1994 (sjá forsíðumynd).

Farið var að safna saman upplýsingum um notkun vefþjónsins ári eftir að hann var settur upp og fyrsta heila mánuðinn sem upplýsingar eru til um (desember 1993) voru 1547 síður sóttar á vefþjóninn og voru gögnin samtals rúm 2 MB. til samanburðar má geta þess að 9 árum síðar í desember 2002 voru sóttar rúmlega 13 milljón síður og var gagnamagnið samtals um 155 GB. Aukning gagnamagns er því um 250% ári að meðaltali. Margir sem ég hef rætt við að undanförunu hafa lýst undrun sinni á því að Vefurinn sé ekki eldri en

hann er og hafa jafnvel sjálfir talið að þeir hafi notað hann miklu lengur. Flestir höfðu reyndar aldrei heyrt á hann minnst fyrir 10 árum og reyndar höfðu ýmsir litla trú á vefnum á sínum tíma og töldu hann ekki vera annað en gæluverkefni kerfisstjóra en upplýsingakerfi ættu að byggja á öðrum kerfum, sem í dag heyra reyndar fortíðinni til.



Frá því að fyrsta íslenska vefsíðan var útbúin hefur notkun netsins aukist gríðarlega eins og meðfylgjandi mynd gefur til kynna, en hún sýnir gagnamagn sótt af vefþjóni HÍ í Október hvers árs frá 1993.

Magnús Gíslason

ENDURNÝJUN PÓSTKERFISINS

Um síðustu áramót var skipt um póstkerfi Reiknistofnunar HÍ.

Sett var upp ný og öflug vél auk þess sem skipt var um grunn-hugbúnað kerfisins og annar hugbúnaður uppfærður og aukinn.

Vélin sem sett var upp er af gerðinni SunFire V880 með fjóra 900 MHz UltraSPARC III örgjörva og 8 GB í minni.

Inni í vélinni eru tólf 72 GB diskur sem eru speglaðir og að auki er tengt við hana diskabox með níu 36 GB diskum með RAID 5 uppsetningu og nýttast í því samtals um 236 GB. Nýtanlegt diskpláss er um 650 GB samtals.

Helsta breytingin á hugbúnaðinum er sú að skipt var um grunn-hugbúnaðinn sem sér um IMAP- og POP3-tengingar notenda.

Sett var upp Cyrus frá Carnegie Mellon University í stað UW-imap frá University of Washington.

Aðalmunurinn á þessum tveimur kerfum er sá að pósturinn er geymdur á mismunandi hátt og aðgangur í póstin mun hraðvirkari í Cyrus.

Áfram er notast við Sendmail til að skiptast á pósti við aðra pósthjóna. Aðrar veigamiklar breytingar eru þær að Sophos Antivirus er nú notaður til að leita að veirum í pósti og Spam Assassin til að sía út ruslpóst til viðbótar við þá síun sem

fyrir var. Að meðaltali eru um 300 skeyti veiruhreinsuð á sólarhring og á annan tug þúsunda skeyta er hent sem ruslpósti.

Vefpóstkerfið SquirrelMail <http://webmail.hi.is> hefur verið uppfært og er nú að margra mati orðið "vel nothæft". Þá er orðið auðvelt að flokka póst sjálfvirkt með



Þeir Magnús Gíslason t.v. og Þór Sigurðsson höfðu veg og vanda af uppsetningu nýja póstkerfisins.

póstsíum sem unnt er að nálgast úr vefpóstinum með því að velja "Filters" (sjá bls 6). Þar er einnig hægt að setja upp framsendingu á pósti en framsending pósts eins og hún var framkvæmd áður (með .forward-skrá

í heimasvæði) virkar ekki lengur.

Önnur markverð breyting sem snertir þá sem lesa póstin sinn á Unix-vélunum er sú að pósthólf notenda eru ekki lengur aðgengileg beint (í /var/mail) heldur er eingöngu hægt að nálgast póstin með IMAP. Mutt og Pine styðja IMAP vel.

Aðalpothólf notenda eru skilgreind með umhverfisbreytunni MAIL og er hún skilgreind sem "imap://imap.hi.is/INBOX" þegar notendur tengjast Unix-vélunum.

Í Mutt er breytan folder notuð til að segja til um hvar aukapósthólf notenda eru.

Hún er sjálfkrafa skilgreind sem "imap://imap.hi.is" en þeir sem eru með .muttrc-skrá í heimasvæði sínu gætu þurft að breyta henni ef hún hefur annað gildi.

Þeir notendur sem notað hafa POP3-þjónustuna til að lesa póstin geta ekki notfært sér aukapósthólfin og flokkunina á pósthjóninum.

Þeir sjá póstin heldur ekki á sama hátt í vefpóstinum eins og IMAP-notendur sem sjá sama pósthólfið hvort sem þeir lesa póstin sinn í vinnunni, heima eða í vefpóstinum.

Reiknistofnun HÍ mælir með því að notendur noti IMAP-þjónustuna til að lesa póstin sinn enda verður hætt að styðja POP3 í náinni framtíð.

Vefkerfi
Háskóla Íslands

ÞJÓNUSTUVEFUR RHÍ

Á næstu síðum er áframhald kynningu okkar á þeirri þjónustu og möguleikum sem Vefkerfi Háskóla Íslands hefur upp á að bjóða.

Starfsmenn Hugbúnaðarþróunardeildar Reiknistofnunar hafa þróað þjónustukerfi á vefnum þar sem viðskiptavinir stofnunarinnar geta eftir atvikum sótt um, pantað eða skráð sig í ýmsa þá þjónustu sem Reiknistofnun býður upp á.

Hluti vefkerfis Háskólans

Þjónustukerfi þetta er innan vefkerfis HÍ og því má komast inn í það með sama hætti og í aðra hluta vefkerfisins eða með því að skrá sig inn í það frá forsiðu háskólavefsins www.hi.is.

Eftir innskráningu birtist síða notandans í vefkerfinu og er þar hægt að velja Tölvuþjónusta RHÍ í gráa kassanum vinstra megin á síðunni.

Sniðinn að þörfum notenda

Þjónustubeiðnir og pantanir sem eru í boði á upphafsíðunni eru mismunandi eftir því hvort um er að ræða starfsmenn, nemendur eða þá sem geta bókað á viðfangsnúmer í bókhaldskerfi HÍ.

Útlit myndanna hér fyrir neðan er eins og hjá notanda sem getur skráð verk eða þjónustu á viðfangsnúmer í bókhaldskerfi HÍ.

Innskráning í Vefkerfi HÍ

Fyrsta skref notandans er undantekningarlaust að skrá sig inn í Vefkerfið og nota til þess notandanafn og lykilorð sitt á háskólanetinu. Innskráningin fer fram neðst vinstra megin á aðalsíðu Háskólavefsins (www.hi.is).

Þjónustukerfið er síðan hægt að nálgast frá síðu notandans í Vefkerfinu.

Aðalsíða



Í gráa dálkinum á aðalsíðu notandans í vefkerfinu er Tölvuþjónusta RHÍ valin. Þá kemur fram yfirlit yfir eyðublöð, pantanir og þá þjónustu sem kerfið býður upp á.

Verkbeiðni

Þurfi notandi á aðstoð notendaþjónustu RHÍ að halda getur hann fyllt út þar til gerða verkbeiðni á þjónustuvefnum. Þá er mikilvægt að allar upplýsingar um vandamálið séu sem gleggstar.

ADSL Tenging

Á þjónustusíðunum er hægt að sækja um ADSL tengingu við Háskólann. Notandanafn og lykilorð berast að vörmu spori eftir skráningu en um ADSL tengingu við símalínu notandans þarf að sækja um hjá símafyrirtæki. Framhald ->



Notendaskráning

Þegar þess þarf er hægt að skrá nýja notendur inn í Háskólakerfið. Þetta getur komið sér vel þegar þarf að úthluta nýjum starfsmönnum netfangi. Sá sem skráir verður þá að hafa heimild til að skrá nýja notandann á viðfangsnúmer viðkomandi deildar eða stofnunar.

Þjónustuyfirlit

Þeir sem skráð geta verk á viðfangsnúmer geta fengið yfirlit yfir þá þjónustu sem greitt hefur verið fyrir á mismunandi viðfangsnúmer t.d. Ip-tölur, ADSL og notendur. Þessi þjónusta getur t.d. komið sér vel fyrir þá sem hafa umsýslu með mörgum viðfangsnúmerum, t.d. deildar- eða skrifstofustjóra.

Vefkerfi
Háskóla Íslands

VEFPÓSTURINN

Hér á eftir förum við nánar í möguleika vefpóstkerfisins sem notendur Háskólans hafa aðgang að í gegnum Vefkerfi Háskólans.

Innskráning í vefpóstinn

Vefpósturinn er póstkerfisviðmót notanda tölvupósts innan HÍ á vefnum. Hann má nálgast hvaðan sem er úr heiminum í gegnum vafra á internetinu.

Innskráning inn í kerfið fer fram frá aðalsíðu Háskólavefsins (*sjá bls 3*). Frá síðu notandans í vefkerfinu er Vefpóstur valinn og kemur þá upp innskráningarsíða póstkerfisins.

Einnig er mögulegt að slá beint inn í vafrann webmail.hi.is til að komast á

innskráningarsíðuna.

Eftir innskráninguna opnast póstkerfið á "Inbox" síðu notandans.


Flestir notendur tölvupósts innan Háskólans kannast við póstforritið Outlook express. Þessa dagana er verið að setja outlook express upp með þeim hætti hjá notendum innan HÍ að vefpóstkerfið tengist forritinu beint. Því er eðlilegt að setja upp möppur í Vefpóstinum með sama skipulagi og nöfnum og í Outlook Express. Þessi möppunöfn eru: Drafts, Trash og Sent Items.

Myndirnar hér á eftir lýsa þessu.



Innskráning

Notandinn kemst inn á innskráningarsíðuna frá aðalsíðu vefkerfisins. Einn stærsti kosturinn við vefpóstkerfið er að notendur eru óháðir því hvaðan í heiminum þeir þurfa að nálgast póstinn sinn.




Inbox

Þessi síða blasir við notendum eftir að þeir hafa skráð sig inn í póstkerfið. Hingað berst nýr póstur og efst á síðunni eru aðgerðir valdar.

Möppur

Hér eru nýjar möppur útbúnar og skipulagi annara breytt. Athugið að til þess að ný mappa verði virk verður að setja hana í áskrift! Hér er búið að útbúa möppur með sömu heitum og í Outlook Express póstforritinu (neðst). Sent Items möppuna (efst) á eftir að setja í áskrift, fyrr er hún ekki virk.




PÓSTFLOKKUN Í VEFPÓSTKERFINU

Að halda skipulega utan um tölvupóstinn er nauðsynlegt, en getur verið flókið hjá þeim sem nota þennan samskiptamáta mikið. Auk þessa er pósthólf í formi ruslpósts að verða sífellt stærra vandamál hjá notendum tölvupósts.

Póstsíun er ráð sem getur gagnast til lausnar á báðum þessum vandamálum. Póstsíur (filters) ganga út á að setja flokkunarreglur sem segja til um í hvaða möppu póstur sem berst í pósthólf notandans skuli fara sjálfkrafa um leið og hann berst. Þessar reglur eru byggðar á skilyrðum sem sett eru í síuna og tengjast innihaldi, stærð eða haus skeytisins. Með haus tölvupóstskeyta er átt við svæðin sem


tilgreina sendanda, innihald o.fl. (To, From, subject). Flest póstforrit bjóða upp á einhvers konar flokkunar-möguleika. Í Microsoft Outlook Express eru sem dæmi ágætis flokkunarmöguleikar sem hægt er að nálgast með því að velja Tools - Message Rules - og Mail.

Það er hins vegar kjörið fyrir notendur Háskólanetsins að setja póstsíur beint upp í vefpóstkerfinu. Þetta er sérstaklega þægilegt fyrir notendur Outlook Express þegar möppur vefpóstsins hafa verið settar upp með sama hætti og í því forriti, eins og lýst er neðst á blaðsíðu 5 hér í blaðinu.




Póstflokkun (1)

Smelltu á [Filters](#) til þess að komast á flokkunarsíðuna. Smelltu svo á [Add new rule](#). Á þessari síðu mun myndast listi yfir allar flokkunarreglur sem hafa verið útbúnar.




Póstflokkun (3)

Ef hakað var við fyrsta atriðið í 2. skrefi birtist þessi síða. Hér er hægt að tilgreina nákvæmlega þau skilyrði sem bréfhlausinn þarf að uppfylla til þess að bréfið flokkist í rétta möppu. Hægt er að velja mismunandi svæði í bréfhlausnum, t.d. subject, from, sender o.s.fv. Hægt er að setja mörg flokkunarskilyrði.



Póstflokkun (2)

Annað flokkunarskrefið felst í skilgreiningu á gerð flokkunarreglunar. Er flokkað eftir innihaldi einhvers svæðis í skeytinu, stærð skeytisins, eða á að framkvæma aðgerð sem virkar á öll skeyti.



Póstflokkun (4)

Lokaskrefið felst í að skilgreina til hvaða aðgerða skuli gripið þegar skeyti uppfyllir flokkunarregluna. Oftast er skeytið flutt í einhverja möppu. Hér má að auki setja á sumarfrístillingu, sem felst í því að sjálfvirkir svar er sent til þeirra sem senda notandanum póst á meðan hann er í frii!

Vefkerfi Háskóla Íslands

KENNSLUVEFURINN


Í síðasta tölublaði RHÍ fréttta var fjallað um helstu þætti Vefkerfis Háskólans. Var þar komið inn á skiptingu kerfisins í tvo meginhluta, kennsluhluta og nemendahluta. Við fyrstu sýn virðast þessir hlutar nokkuð líkir, en eru þó hannaðir með þarfir starfsfólks og kennara HÍ í huga annars vegar og þarfir nemenda hins vegar.

Hér á eftir er haldið áfram kynningu á möguleikum kennarahlutans. Eftir innskráningu (sjá mynd 1 á bls. 4) birtist forsíða viðkomandi kennara í vefkerfinu, þar sem fyrirferðamest er dagbók líðandi viku.

Hægra megin á síðunni er síðan listi yfir öll námskeið sem kennarinn vinnur við. Þegar smellt er á eithvert námskeiðanna í listanum opnast forsíða þess námskeiðs.


Kennari getur auðveldlega nálgast lista yfir alla nemendur í námskeiðum á hans vegum og til enn frekari þæginda má auðveldlega fá nemendalistann á Microsoft Excel formi.

Þessu er lýst í máli og myndum hér fyrir neðan.




Forsíða kennara

Eftir innskráningu í vefkerfið birtist forsíða kennarans. Þar er dagbók með yfirliti yfir líðandi viku. Hægra megin á síðunni er dálkurinn "námskeiðin mín" þar sem listi er yfir þau námskeið sem viðkomandi kennari kemur að. Ef námskeið sem kennarinn vinnur við er ekki í listanum á vantar tengingur inn á viðkomandi námskeiðsvef. Upplýsingar um slíkar skráningar má nálgast með því að smella á tengil þess efnis neðst vinstra megin á síðunni.




Forsíða námskeiðs

Ef smellt er á námskeiðstengil á forsíðunni, opnast forsíða viðkomandi námskeiðs. Þar er yfirlit yfir efni námskeiðsins, en hægra megin á síðunni eru tilkynningar sem geta verið kennsluáætlun, eða tilkynningar sem varða námskeiðið. Í boxinu vinstra megin á síðunni birtast síðan allar þær aðgerðir sem tengjast námskeiðinum.



Nemendalisti

Sé smellt á Nemendur í grúa valboxinu vinstra megin á forsíðu námskeiðs, birtist listi yfir nemendur sem skráðir eru í námskeiðið. Fyrir ofan listann er lítið Excel tákn.



Nemendalisti á Excel formi

Ef smellt er á Excel tákið fyrir ofan hefðbundna nemendalistann kemur upp tilkynning þar sem boðið er upp á að opna Excel skrána með nemendalistanum í vafranum eða vista hana á harða disk tölvunnar.

HANDHÆGAR UPPLÝSINGAR

Starfsmenn RHÍ, og netföng þeirra

Almennur rekstur

Skrifstofa Reiknistofnunar sinnir öllum almennum málum og er opnunartími frá 09 til 15 virka daga. S: 525 4761 ; Fax: 552 8801.

• Sæþór L. Jónsson	forstöðumaður	slj@hi.is
• Katla Gunnarsdóttir	fulltrúi	katla@hi.is
• Marius Ólafsson	netstjóri	marius@hi.is

Notendaþjónusta

Notendaþjónustan sinnir einkatölvunotendum, rekstri tölvuvera, PC hugbúnaði á netþjónum, upplýsingadreifingu til notenda, námskeiðahaldi og kerfisþróun innan skólans. Símanúmer deildarinnar er 525-4222 og netfangið help@hi.is

• Albert Jakobsson	deildarstjóri	aj@hi.is
• Einar Valur Gunnarsson	einmenningstölvur	einarv@hi.is
• Finnur Þorgeirsson	einmenningstölvur	fth@hi.is
• Jón Björn Njálsson	einmenningstölvur	jonbjorn@hi.is
• Jón Elías Þráinsson	kerfisstjóri	jonelias@hi.is
• Úlfar M. Ellenarson	einmenningstölvur	umej@hi.is
• Steingrímur Óli Sigurðarson	umsjón tölvuvera	steingro@hi.is

Hugbúnaðardeild

Hugbúnaðarsvið sinnir þróun og viðhaldi á kerfum fyrir Háskólann.

• Ragnar Stefán Ragnarsson	deildarstjóri	ragnarst@hi.is
• Páll Haraldsson	kerfisgerð	qwerty@hi.is
• Baldur Eiríksson	kerfisgerð	baldure@hi.is
• Magnús Atli Guðmundsson	kerfisgerð	mag@hi.is
• Valberg Lárusson	kerfisgerð	valberg@hi.is
• Birgir Stefánsson	kerfisgerð	bs@hi.is

Net- og símadeild

Deildin annast rekstur og þróun á neti og símkerfi HÍ.

• Pétur Berg Eggertsson	netmaður	pbe@hi.is
• Kristófer Sigurðsson	netmaður	ks@hi.is
• Bjarni Guðnason	símsemiður	bg@hi.is

Kerfisdeild

Deildin sinnir umsjón og rekstri Unix tölva RHÍ, afritatöku og netþjónum.

• Magnús Gíslason	deildarstjóri	magnus@hi.is
• Elías Halldór Ágústsson	kerfisstjóri	elias@hi.is
• Halldór Bóas Halldórsson	kerfisstjóri	halbo@hi.is
• Þór Sigurðsson	kerfisstjóri	tosi@hi.is

Síma- og heimsóknartími notendaþjónustu í Tæknigarði er virka daga frá kl. 09 - 12. S: 525 4222

INNHRINGIÐJÓNUSTA RHÍ

Imnhringibúnaður fyrir starfsmenn:

sími: 525-5100 -- tengist frá 14.400 bás uppí 56.000 bás, auk ISDN
Nánari upplýsingar er að fá á slóðinni: www.rhi.hi.is/net/innhringi/index.html

ADSL tenging starfsmanna

Nánari upplýsingar er að fá á slóðinni:
www.rhi.hi.is/net/adsl

Imnhringibúnaður fyrir nemendur:

sími: 525-5150 -- tengist frá 14.400 bás uppí 56.000 bás, auk ISDN
Nánari upplýsingar er að fá á slóðinni: www.rhi.hi.is/net/innhringi/index.html

Þráðlaust net

Nánari upplýsingar er að fá á slóðinni:
www.rhi.hi.is/net/wavelan

Fréttabréf þetta er gefið út af Reiknistofnun Háskólans. Því er ætlað að vera kynning á þeirri þjónustu sem býðst hjá Reiknistofnun. Ábendingar varðandi efni bréfsins eru vel þegnar og sendist til forstöðumanns stofnunarinnar (slj@hi.is).

Útgefandi:
Reiknistofnun
Háskóla Íslands
Ritstjórn og umbrot:
Þorkell Heiðarsson
thorkell@hi.is
Ábm: Sæþór L. Jónsson
Prentun: Ísafold

www.rhi.hi.is